

Abstract

The purpose of this essay is to explore if it is profitable to buy or rent a cargo airplane to export fresh fish from Egilsstaðir, Iceland. Exportation of fresh fish fillet from Iceland has increased almost every year, ever since it first started in the end of the seventies. Exportation of fresh fish is a part of the general world development. This increased demand for fresh food is not just demand for fresh seafood but also for vegetable and other agricultural products. Today the way to export fresh fish from the east of Iceland is by trucking it from the east to Keflavík where it is then shipped by cargo planes to the foreign markets. The result of that is more strain on the roads, increased risk of accidents and more financial cost. Financial concepts are explained and used to assess the profitability of the project. A plan is made for an estimated initial capital expenditure, that is the cost needed before the actual export can begin. The essay also keeps a realistic business plan for the project, which shows an expected financial outcome for the business. Finally it is stated how much capital is needed according to the given presumptions and how it will be raised.

The main result of the essay is that it is not profitable to buy a cargo airplane because NPV, IRR and MIRR are all negative. NPV is negative by 135.878.842 kr and the IRR is negative by almost 9% and finally the MIRR is negative by 4%, which means that the profit of the investment is less than the cost. Therefore that project is rejected.

On the other hand the cargo leasing is accepted because the NPV is positive by 783.401.115 kr. and the IRR is almost 138%, which means that the investment gains its value by 138%. The MIRR is positive for 42% which means the profit can go down by those percents before the investments starts to being unprofitable. The project, by leasing the plane, returns profit for 55.995.616 kr. after the first year and net cash after the first year is 62.539.379 kr. These results depend on revenues from importing goods for other businesses.

Keywords: Airplane purchase, Airplane lease, Export, Business plan, Warehouse

Útdráttur

Í þessari skýrslu er því svarað hvort að hagkvæmt er að kaupa eða leigja fraktflugvél til að flytja úr ferskan fisk frá Egilsstöðum. Allt frá því að útflutningur á ferskum fiskflökum hófst hér á landi í lok 8. áratugarins hefur hann aukist nánast stöðugt frá ári til árs. Útflutningur á ferskum fiski er hluti af almennari þróun sem á sér nú stað um allan heim. Aukin eftirspurn eftir ferskum matvælum er ekki bundin við sjávarafurðir heldur á jafnt við um grænmeti og aðrar landbúnaðarvörur. Í dag er ferskum fiski keyrt frá Austurlandi til Keflavíkur og flogið út með hann þaðan, þetta kallar á aukið álag á þjóðvegi landsins með tilheyrandi slyshættu og kostnaði. Í skýrslunni er farið yfir þau fjárhagslegu hugtök sem höfundur notar og lagt er mat á það hvað útkoman úr hugtökunum segir fyrir arðsemi verkefnisins. Einnig er sett fram áætlun um stofnkostnað, þ.e.a.s. þann kostnað sem til fellur áður en viðskiptahugmyndinni er hrint í framkvæmd. Þá er sett fram raunhæf rekstraráætlun fyrir viðskiptahugmyndina, sem varpar ljósi á vænta fjárhagsafkomu fyrirtækisins. Að lokum er gerð grein fyrir því hversu mikið fjármagn fyrirtækið þarf miðað við þær forsendur sem gengið er út frá í áætluninni og hvernig ætlunin er að útvega það.

Helsta niðurstaða skýrslunnar er sú að verkefninu um flugvélakaup er hafnað vegna þess að NPV, IRR og MIRR eru öll neikvæð, NPV er neikvætt um 135,878,842 kr og IRR er neikvætt um tæp 9% og að lokum er MIRR neikvætt um tæp 4% sem þýðir að arðsemi fjárfestingarinnar er minni en kostnaður hennar. Hins vegar samþykkir höfundur verkefnið um flugvélaleiguna þar sem NPV er jákvætt um 783.401.115 kr og IRR er tæp 138% sem þýðir að fjárfestingin eykur verðgildi sitt um 138% og MIRR er einnig jákvætt um 42 % sem þýðir að hagnaðurinn má minnka um 42 % áður en fjárfestingin verður óarðbær. Einnig skilar verkefnið um flugvélaleigu hagnaði upp á 55.995.616 kr á fyrsta ári og handbært fé í lok fyrsta árs er 62.539.379 kr. Þetta eru gríðarlega arðbærar niðurstöður, en þær eru háðar því að það sé hægt að nýta vélina báðar leiðir.

Lykilorð: Flugvélakaup, flugvélaleiga, útflutningur, áætlanagerð, vöruskemma.